



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/465

Alþingi
Erindi nr. þ 122/318
komudagur 27.11.197

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664

26. nóvember 1997.

Alþingi Íslendinga,
-efnahags- og viðskiptanefnd-,
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík.

Efni: Um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 249. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. þ.m., sem barst í dag á síðasta degi tilgreinds umsagnarfrests, var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint lagafrumvarp. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Þeim boðum hefur skilmerkilega verið komið á framfæri út í þjóðfélagið, að um efni þessa frumvarps hafi tekist víðtæk og almenn sátt. Hafa ýmsir orðið til að áréttta það, m.a. fjármálaráðherra í framsögu sinni um mál þetta á Alþingi. Af þessum sökum m.a. er vitað, að ekki er að vænta verulegra efnisbreytinga á frumvarpinu við meðferð þess. Frumvarpið hefur tekið breytingum frá því að afgreiðslu þess var frestað s.l. vor. Er sumt til bóta, en annað orkar tvímælis frá sjónarhóli þeirra, sem vilja sjá raunverulega aukið valfrelsi í lífeyrismálum landsmanna. Verður ekki betur séð en að frumvarpið geri skylduaðild að lífeyrissjóði enn afdráttarlausari en áður, og skuli nú ríkisskattstjóraembættinu beitt til að fylgja þeirri kvöð eftir, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Samskipti einstaklinga og lífeyrissjóða eru "einkaréttarlegs eðlis" en ekki af "opinberum toga". Af þeirri ástæðu er vafasamt hvort og þá í hvaða mæli stjórnvöld eigi beinlínis að hafa eftirlit með framkvæmd samskipta að þessu leyti. Er athygli vakin á þessu grundvallaratriði, þar sem hvorki er vikið að því í almennum athugasemdum frumvarpsins eða í athugasemdum með 6. gr. þess. Í íslenskum lögum er að finna mörg ákvæði um að einstaklingum sé skylt að kaupa váttryggingu. Á hinn bóginn er hvorki skattyfirvöldum eða öðrum stjórnvöldum falið að fylgjast með því, hvort iðgjaldið hafi verið greitt eða ekki, svo að hliðstætt dæmi til skýringa sé tekið.

2. Með frumvarpinu er leitast við að koma á fót virku eftirliti með starfsemi lífeyrissjóða hér á landi, en á það hefur sárlega skort til þessa. Er það vel. Í frumvarpinu er út frá því gengið, að eftirlitið verði í höndum bankaeftirlits Seðlabankans, en ekki hjá Vátryggingaeftirliti, sem að mörgu leyti hefði þó verið eðlilegra. Ljóst er að eftirlit með lífeyrissjóðunum hlýtur að verða kostnaðarsamt. Í lögum um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, sbr. einkum 52. gr. laganna, er þeim aðilum, sem Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með, gert skylt að standa undir kostnaði við það. Þá hefur og heyrst ávæningur af því, að til athugunar sé að aðilar, sem falli undir bankaeftirlitið, verði á sama hátt gert að standa undir eftirlitskostnaði að sínu leyti. Frá sjónarhóli þeirra, sem beint og óbeint verða í samkeppni við lífeyrissjóðina, er með öllu óviðunandi, að starfsskilyrði í þessum efnum verði ekki jöfnuð. Er því eindregið lagt til, að í IX. kafla þessa frumvarps til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna verði tekið upp ótvírætt ákvæði þess efnis, að lífeyrissjóðir skuli kosta eftirlitið með starfsemi þeirra.
3. Í II. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að framkvæmd sú, sem frumvarpið mælir fyrir um, og þar með lögin skuli tekin til skoðunar á árinu 2001. Þá hefur ráðherra í framsöguræðu sinni látið þau orð falla, að afgreiðsla þessa frumvarps sé áfangi en ekki endastöð. Er þess vænst, að við þessa stefnumörkun verði staðið. Þá hefur ríkisstjórnin gefið fyrirheit um að breyta skattalögum á þann veg, að frádráttarbærni iðgjalda til lífeyrissparnaðar einstaklinga verði aukin úr 4% í 6%. Látin er í ljós sú von að frumvarp þessa efnis verði lagt fram hið allra fyrsta, og að Samband íslenskra tryggingafélaga fái það til umsagnar. Þessar boðuðu skattalagabreytingar eru afar mikilvægar, og grundvallarforsenda þess, að lífeyrissparnaður aukist hér á landi og að sá vottur valfrelsis í lífeyrismálum, sem frumvarpið boðar, fari að gæta. Að öðru leyti vísar undirritaður til fyrri umsagna og sjónarmiða, sem Samband íslenskra tryggingafélaga hefur sett fram um málefni þetta við efnahags- og viðskiptanefnd.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson